

# Minnisblað



Til: Bæjarstjórnar Vesturbyggðar  
Frá: Bæjarstjóra

Vesturbyggð 17. febrúar 2020  
Málsnúmer: 2002096 RH

## Efni: Spurningar vegna þjónustu Vesturbyggðar á Bíldudal

Eftirfarandi eru svör við spurningum sem afhentar voru bæjarstjóra á fundi bæjarráðs 11. febrúar 2020.

### 1. Hver eru áform Vesturbyggðar með aðstöðu eldri borgara í Læk á Bíldudal?

Í nóvember 2018 boðaði félagsmálastjóri og bæjarstjóri til umræðna um starfið í Læk, sem hafði verið illa sótt á árinu 2018 og var dreifibréf sent til allra íbúa á Bíldudal. Þrír íbúar mættu til samtalsins. Starfsemi í Læk var haldið áfram fram á voruð 2019 og nýtingin engin. Ljóst var því að breyta þurfi þjónustunni þannig að hún nýttist eldri borgurum sem best. Í fjárhagsáætlun ársins 2020 segir „Félagsstarf aldraðra heldur áfram á árinu 2020 á Patreksfirði og Barðaströnd en nokkrar breytingar verða í félagsstarfi aldraðra á Bíldudal, þar sem starfsemi í Læk hefur ekki verið nýtt sem skyldi. Verður félagsstarf aldraðra á Bíldudal því elft með breyttum áherslum á árinu 2020. Þá verður áfram unnið að því að auka aðgengi aldraðra að hvers konar hreyfingu innan sveitarfélagsins og er það einn liður í því að Vesturbyggð verði heilsueflandi sveitarfélag, en undirbúningur þess hófst á árinu 2019 og mun halda áfram á nýju ári.“ Sá starfsmaður sem hefur sinnt starfsemi í Læk sneri úr fæðingarolfi nú í byrjun ársins og vinnur nú í samvinnu við sviðsstjóra fjölskyldusviðs að útfæra á félagsstarf aldraðra með breyttu sniði, fjölga viðburðum og nýta þá betur bæði Baldurshaga og Byltu. Vinna við breytingarnar er ekki lokið en þegar það liggur fyrir er áætlað að kynna breytta þjónustu sérstaklega fyrir eldri borgurum á Bíldudal.

Varðandi húsnæðið að Læk þá var ákveðið í vinnu við fjárhagsáætlun að húsið yrði sett á sölu á árinu 2020 og var verðmati á því lokið nú á sunnudaginn. Unnið er að því að pakka niður þeim hlutum sem tilheyra Læk og fyrirhugað er að nýta áfram til félagsstarfs aldraðra eða samhliða breyttri þjónustu sveitarfélagsins að Strandgötu 7, fáist aukið húsnæði til afnota.

### 2. Eru komin einhver áform varðandi bókasafnið á Bíldudal sem lokaði um áramót?

Í fjárhagsáætlun ársins 2020 segir „Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að rými að Strandgötu 7 á Bíldudal, þar sem fræðslustjóri hefur haft viðveru verði breytt þannig að aðstaðan verði nýtt til að byrja með fyrir þjónustu bókasafns og þar verði starfsstöðvar þar sem starfsmenn sveitarfélagsins geti sinnt störfum sínum, fundað með íbúum sem og að þangað geti íbúar sótt þjónustu í auknara mæli en verið hefur.“ og „Ráðist verður í breytingar á starfsemi bókasafnsins á Bíldudal, og mun það flytjast í annað húsnæði á árinu 2020. Þá verða bókasöfnin rekin undir einum forstöðumanni sem sér um bókasafnsþjónustu á Bíldudal, Barðaströnd og Patreksfirði. Breytingunum er ætlað að auka aðgengi íbúa að þeim bókakosti sem sveitarfélagið býr yfir og aðlaga starfsemi bókasafnanna að nútímanum.“ Bókasafn Bílddælinga hefur ekki verið opið frá áramótum en þávarandi starfsmaður lét af störfum vegna aldurs á árinu 2019. Samtals nýttu 14 lánþegar bókasafnið á árinu 2019. Nýting á þjónustu safnsins var því ekki sem skyldi og nauðsynlegt að gera breytingar á safninu þannig að íbúar nýti betur bókakost safnsins. Vinna er hafin með bókasafnsfræðingi að fara í gegnum bókakost safnsins og verður hann svo fluttur úr núverandi húsnæði að Strandgötu 7. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið í mars.

Á bókasafninu voru einnig vistaðar gamlar fundargerðir frá hreppunum gömlu sem fluttar hafa verið í bílskúrinn að Aðalstræti 75, og verður pakkað með öðrum eldri gögnum til afhendingar til Þjóðskjalasafns Íslands.

### **3. Hvernig er áætlað að leysa úr vanda þeirra sem bíða eftir heimilishjálpi á Bíldudal?**

Ítrekað hefur verið auglýst eftir starfsfólki og einnig hefur verið farið í að hafa samband við einstaklinga sem fréttist af að eru á lausu og hefðu mögulega áhuga á að sinna starfinu. Reynt hefur verið að fá starfsmenn félagsþjónustunnar úr öðrum byggðakjörnum til að sinna heimilishjálpi og var um tíma starfsmaður frá Tálknafirði sem sinnti heimilishjálpi á Bíldudal. Hafa starfsmenn ítrekað sett það fyrir sig að þurfa að keyra yfir fjallvegi. Þá hefur ítrekað verið auglýst m.a. á Vegamótum og heimasíðu Vesturbyggðar en fáar og í einhverjum tilvikum engar umsóknir borist.

### **4. Hvað á að gera við Árnahús á Bíldudal, það er a.m.k. einn brotinn gluggi og hurðin fokin af útiskúrnum?**

Starfsmaður áhaldahúss Vesturbyggðar hefur brugðist við þegar ábendingar hafa borist um að loka þurfi gluggum eða hurðum hússins. Var þessum ábendingum komið til sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs 12. febrúar 2020.

Kannað var í október 2019 hvort heimild fengist til sölu húsanna að Lönguhlíð 18 (Árnahús) og Lögnuhlíð 20 (Ás). Vesturbyggð barst svar við fyrirspurninni með bréfi dags. 12. nóvember 2019 þar sem Vesturbyggð er veitt heimild til að selja eignirnar, með kvöðum um notkun þeirra, endurbyggingu og greiðslu bóta vegna skemmda, sem þinglýst er við sölu þeirra. Kvaðirnar eru:

- a. Dvöl í húsunum er óheimil yfir vetrartímann, þ.e. frá 1. nóvember til 30. apríl, sbr. kvaðir sem settar voru á notkun húsa í Súðavík. Frávik frá þessu, hvort sem eru til rýmkunar eða þrengingar á notkun eignarinnar, skuli í sérstökum tilvikum, ákveðin af lögreglustjóra í samráði við almannavarnarnefnd og Veðurstofu Íslands.
- b. Óheimilt er að endurbyggja húsinn ef þau verða fyrir umtalsverðu tjóni.
- c. Verði húsinn fyrir skemmdum af völdum ofanflóða mun Ofanflóðasjóður ekki greiða bætur vegna skemmdanna til eigenda þeirra.

Rétt er að geta þess að þrátt fyrir að ofangreindum kröfum hefði verið þinglýst á eignir í Súðavík, kom í ljós nú í janúar þegar ofanflóð féllu á norðanverðum Vestfjörðum og þær kvaðir voru ekki virtar og fólk var í nokkrum húsum á svæði sem hefði undir öllum kringumstæðum átt að vera tóm. Það er því umræða sem nauðsynlegt er að taka hjá bæjarstjórn Vesturbyggðar hvort vilji sé til þess að selja eignirnar með kvöðum en mögulega litlu eftirliti eða úrræðum ef þeim kvöðum er ekki fylgt eða hvort ástæða sé að flytja Árnahús og rífa Ás og ganga frá svæðinu með fullnægjandi hætti.

### **5. Hvernig stendur vinna við endurbætur á félagsmiðstöðinni Dímon á Bíldudal?**

Framkvæmdir við endurbætur standa yfir. Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs hefur haft yfirumsjón með framkvæmdum í Baldurshaga í samvinnu við íþrótt- og tómstundafulltrúa. Þegar er búið að einangra og klæða útveggi, klæða loft, setja neyðarlúgu á útvegg, setja hurð í innri geymslu sem lokast af, setja ofn í herbergið og því kominn hiti á rýmið. Við framkvæmdina kom þó í ljós mikil raki í útveggnum og nauðsynlegt er að dreina frá húsinu en ekki er unnt að gera það fyrr en vorar. Þykk rakavörn var sett innan frá svo tryggt væri að þær framkvæmdir sem þegar hefur verið ráðist í, skemmist ekki.